

Ed.

192. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á mörgum fundum. Eftirtaldir aðilar hafa komið til viðræðna við nefndina: Ólafur Ólafsson landlæknir, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Helgi Valdimarsson prófessor, sérfræðingur í ónæmisfræði, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, og Guðni Baldursson. Nefndinni barst einnig greinargerð frá samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans um varnir gegn ónæmistæringu og sérálit Haralds Briem og Sigurðar Guðmundssonar, sérfræðinga í smitsjúkdómum.

Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Minni hl. skilar sérálit.

Alþingi, 5. des. 1985.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Björn Dagbjartsson.

Kristjana Milla Thorsteinsson.

Karl Steinar Guðnason,
með fyrirvara.

Árni Johnsen.